



Borgarráð

***Hólmsheiði - tímabundið lóðarvilyrði gegn greiðslu (option).***

Óskað er eftir að borgarráð staðfesti meðfylgjandi samning um lóðarvilyrði gegn greiðslu um lóð sem heimilar byggingu allt 30.000 fermetra að stærð við gagnaversfyrirtækið Green Atlantic Data Centers ehf. kt. 621116-0610, Ármúla 18, Reykjavík.

*Greinargerð:* Uppbygging gagnavera er fjármagnsfræk en það er mikilvægt að búa þannig um hnúta að auðvelt sé að stækka við gagnaver án þess að binda mikið fjármagn ef aðstæður síðar verða hagfelldar fyrir rekstur gagnaversins. Með þessu fyrirkomulagi er fjárbinding vegna viðbótarlóða í lágmarki og fyrirtækið hefur ráðrúm til þess að vaxa á eðlilegum hraða án þess að þurfa að skuldsetja reksturinn umfram efni. Fyrir Reykjavíkurborg er það mikilvægt að stuðla að nýsköpun og fjölbreyttum iðnaði innan bogarmarkanna og gera fyrirtækjum það kleift að vaxa á sama stað. Með þessu fyrirkomulagi er myndast einnig hvatning fyrir fyrirtækið að kaupa fleiri lóðir af Reykjavíkurborg ef aðstæður þess bjóða upp á það.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Afrit samkomulags um tímabundið lóðarvilyrði við GADC.

## SAMNINGUR UM TÍMABUNDIÐ LÓÐARVILYRÐI

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík og Green Atlantic Data Centers ehf. kt. 621116-0610, Ármúla 18, 108 Reykjavík gera með sér svofelldan samning um greiðslu fyrir lóðarvilyrði:


1. Reykjavíkurborg skuldbindur sig til þess að veita Green Atlantic Data Centers (hér eftir GADC ehf.) vilyrði fyrir lóð/lóðum við Hólmsheiði undir rekstur gagnavers, með fyrirvara um að deiliskipulag fyrir lóðina/lóðirnar verði samþykkt með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.
2. Stærð og staðsetning lóðarinnar/lóðanna verður nánar ákveðin í deiliskipulagi. Til skoðunar er að hámarksbyggingarmagn sem veitt er vilyrði fyrir í heild sinni, hvort um sé að ræða eina lóð eða fleiri, sem að heimili byggingar allt að 30.000 m<sup>2</sup>.
3. Nýti GADC sér ekki lóðarvilyrðið að fullu þá gengur greiðsla fyrir lóðarvilyrðið uppí álögð gatnagerðargjöld fyrir þá lóð sem verður úthlutað félaginu á grundvelli lóðarvilyrðisins. Samráð skal haft við GADC um stærð þeirrar lóðar einnar eða fleiri sem afmörkuð verður í deiliskipulagi. Þegar sú afmörkun liggur fyrir þá miðast endanlegt lóðarvilyrði við þá afmörkun. Heimilt er að nýta hluta vilyrðisins innan gildistíma þess til þess að byggja hluta af endanlegu byggingarmagni.
4. Gildistími þessa lóðarvilyrðis er 3 ár, teljandi frá samþykkt deiliskipulags fyrir lóðina/lóðirnar í B-deild Stjórnartíðinda. Fyrir lóðarvilyrði þetta greiðir GADC ehf. kr. 1.500 á hvern byggingarfermetra skv. samþykktu deiliskipulagi fyrir lóðirnar. Gjald dagi greiðslunnar er einu ári eftir birtingu auglýsingar á samþykktu deiliskipulagi fyrir lóðina/lóðirnar í B-deild Stjórnartíðinda. Berist Reykjavíkurborg ekki greiðsla fyrir lóðarvilyrðið samkvæmt framangreindu, fellur lóðarvilyrðið niður.
5. GADC ehf. skal taka afstöðu til þess hvort það ætlar að nýta sér vilyrðið, um úthlutun lóðarinnar/lóðanna innan þriggja ára frá dagsetningu auglýsingar á samþykktu deiliskipulagi í B-deild Stjórnartíðinda. Sæki fyrirtækið ekki um úthlutun á lóðinni, innan þess tíma fellur vilyrðið niður, nema ef óskað er eftir framlengingu fyrir lok gildistíma vilyrðisins.
6. Óski GADC ehf. eftir framlengingu á þessu lóðarvilyrði um önnur 3 ár gildir að greitt er kr. 1.000 fyrir hvern samþykktan byggingarfermetra sem þá á eftir að byggja, samkvæmt samþykktu deiliskipulagi um lóðina, á hverju ári. Greiðslufyrirkomulagi og áskilnaði um greiðslu verður háttáð á sama veg og að framan greinir.
7. Komi til úthlutunar lóðar/lóða, gengur greiðsla á lóðarvilyrðinu, fyrir sama fjölda byggingarfermetra og úthlutað er, upp í álögð gatnagerðargjöld vegna lóðarinnar. Greiðsla fyrir lóðarvilyrðið er að öðru leyti óafturkræf.
8. Greitt verður gatnagerðargjald fyrir lóðina/lóðirnar auk markaðsverðs á byggingarrétti sem getur verið ákveðið fast verð skv. gjalskrá eða ákveðið markaðsverð síðar þegar lóðir hafa hlotið staðfestingu í deiliskipulagi. Gjald dagi gatnagerðargjalds er dagsetning tilkynningar til lóðarhafa um úthlutun eða sölu lóðar, eindagi er 45 dögum síðar.

Reykjavík 13. febrúar 2017.

Samþykktur f.h. Reykjavíkurborgar  
samkvæmt samþykkt borgarráðs dags.

Samþykktur f.h. Green Atlantic Data Centers  
ehf.

Vottar að rétti undirskrift, dagsetningu og fjárræði:

  
Kt. 811055-0819

\_\_\_\_\_

Kt.